



11. fundur stjórnar Aftureldingar 14. desember 2010

Fundur settur kl. 19:30 að heimili formanns

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson, Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Siðareglur
2. Afreksráð
3. Niðurstöður formannafunda og eftirfylgni
4. Búningamál
5. Samningar við Mosfellsbæ
6. Önnur mál

Áður en formleg dagskrá hófst bauð formaður upp á ljúffengan kvöldverð.

- 1) Siðareglur.**
Framkvæmdastjóri upplýsti að siðareglurnar væru komnar í prentun og verði líklega tilbúnar fyrir áramót.
- 2) Afreksráð.** Illa gengur að ná saman afreksráði til funda og skipulagning starfs á vormisseri hefur ekki hafist.
- 3) Niðurstöður formannafunda og eftirfylgni.** Rætt var hvernig best verði gengið frá því að niðurstöður formannafunda komist í vinnslu og til framkvæmda. Varðandi niðurstöður frá síðasta formannafundi um forgangsverkefni 2011 var ákveðið að Jón, Sævar og Brynjar vinni úr listanum um forgangsatriði og leggi tillögur fyrir næsta stjórnarfund.
- 4) Búningamál**
Farið yfir stöðu mála.
- 5) Samningar við Mosfellsbæ**
Formaður upplýsti að ekkert nýtt væri að gerast í samningamálum en fundur hafi verið boðaður á þriðjudag í næstu viku með bæjarstjóra og öðrum starfsmönnum bæjarins.
- 6) Önnur mál**
Ýmis vandamál hafa komið upp varðandi DK kerfið og innheimtu félagsgjalda sem leysa þarf úr. Brynjar og Helga ræða við DK og gjaldkera deilda milli jóla og nýárs til að lagfæra ýmsa hnökra í kerfinu og innheimtu félagsgjalda.

Ákveðið að endurvekja aftur kvöldvökur félagsins á vormisseri og stefnt að því að megin þema verði hollusta og heilbrigður lífsstíll í víðri merkingu í takti við stefnu Aftureldingar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 12. janúar 2011 kl 17:15

Fundi slitið kl. 23:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar